

bt. atvinnuveganefndar

Athugasemd um þingskjal Þingskjal 1353 — 861. mál., um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (svæðaskipting strandveiða)

Sendandi: Strandveiðifélag Íslands

Reykjavík, 15. maí 2023

Strandveiðifélagið þakkar fyrir þann góða fund sem við áttum með atvinnuveganefnd fimmtudaginn 11. maí 2023. Frá því að fundinum lauk hafa nýjar upplýsingar litið dagsins ljós sem við teljum að gæti nýst nefndinni við ákvarðanatöku. Ef frumvarpið hefði verið komið í gegn fyrir vertíðarbyrjun, þá hefðu veiðar á A svæði verið stöðvaðar 11. maí, sem þýðir að A svæði hefði fengið 7 veiðidaga þann mánuðinn. Þess ber að geta að 11. maí var brælundagur á Breiðafirði og eingöngu stærstu bátarnir réru. Hefði þetta verið síðasti veiðidagur mánaðarins hefðu fleiri e.t.v. freistast til að róa. Hér kristallast hættan sem af ólympískum veiðum stafar.

Það er mikilvægt að halda því til haga að frumvarpið gerir lítið annað en að færa ósanngirnina í kerfinu á milli landshluta. Eins og kerfinu er háttað núna hallar á B og C svæði, þar sem að potturinn mun líklega klárast áður en fiskur er genginn austur. Eins og kerfinu verður háttað nái frumvarpið í gegn mun ósanngirnin sveiflast yfir á A svæði. B og C svæði gætu sparað sínar veiðiheimildir frá maí og júní til að nota í júlí og ágúst. A svæði getur ekki fært heimildir frá júlí og ágúst yfir á maí og júní, þegar fiskgengd er sem best. Auk þess munu ólympískar veiðar bitna mest á A svæði, þar sem að besta fiskgengdin er í byrjun tímabils þegar veður eru sem verst.

Við viljum benda á að matvælaráðuneytið virðist standa í þeirri trú að eingöngu þessar tvær leiðir séu í boði. Svo er ekki þar sem að þriðja leiðin liggur fyrir, sem er að taka stöðvunarheimildina út, en Strandveiðifélagið er tilbúið til að fórnar nokkrum sóknardögum á móti. Þessi leið myndi skapa sátt hringinn í kringum landið og myndi veita ráðherra svigrúm næsta vetur til að leita leiða að styrkja strandveiðikerfið fyrir tímabilið 23/24.

Virðingafyllst,

Kjartan Sveinsson, formaður Strandveiðifélags Íslands